



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 5. ágúst 2021
RMF21010006
0.5.2

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Umsögn um drög að nýrri menningarstefnu fyrir Reykjavíkurborg

Stýrihópur um nýja menningarstefnu Reykjavíkurborgar óskar eftir umsögn fagraða borgarinnar um drög að nýrri menningarstefnu. Í stýrihópnum eru borgarfulltrúarnir Hjálmar Sveinsson (formaður), Ellen Calmon og Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, fulltrúi MOF Huld Ingimarsdóttir staðgengill Örnú Schram og fulltrúi BÍL, Erlingur Jóhannesson. Drögin eru nú í opnu umsagnarferli á Betri Reykjavík, þar sem öllum er frjálst að senda inn athugasemdir til 20. ágúst.

Hér með er óskað umsagnar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

Í viðhengi má finna drög að stefnunni og má senda athugasemdir og umsagnir á netfangið: signy.leifsdottir@reykjavik.is fyrir 1. september 2021.

Virðingarfyllst

Huld Ingimarsdóttir
staðgengill sviðsstjóra menningar-, og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Drög að menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030



Menningarstefna Reykjavíkurborgar

2021 - 2030

Drög til umsagnar í opnu samráði

Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2021–2030

Útgefandi: Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður: Arna Schram

Ritstjórn: Sif Gunnarsdóttir og Signý Leifsdóttir

Aðstoð við textagerð: Hildur Knútsdóttir

Stýrihópur: Hjálmar Sveinsson, Ellen J. Calmon, Erling Jóhannesson, Arna Schram, Jórunn P. Jónasdóttir hætti á miðju tímabili og Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir tók hennar stað.

Starfsmenn stýrihóps: Sif Gunnarsdóttir og Arna Kristín Sigfúsdóttir

Verkefnastjóri stefnumótunar: Signý Leifsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Framtíðarsýn.....	4
Innleiðing stefnu.....	5
Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum.....	6
Reykjavík - borg sem listamönnum þykir gott að búa og starfa í.....	8
Menning og listir í öllum hverfum borgarinnar.....	10
Þátttakendur í samráði.....	11

Inngangur

Stuðningur við menningu og listir árið 2021

Menningarstefna Reykjavíkur gildir til ársins 2030. En þegar horfa skal til framtíðar er mikilvægt að staldra við og greina stöðuna eins og hún er núna, áður en stefna er mótuð fyrir komandi áratug. Reykjavíkurborg styður nú þegar við menningu og listir á fjölmarga vegu. Borgin rekur þrjú söfn; Borgarbókasafn, Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn sem eru hýst í 16 menningarhúsum víðsvegar um borgina. Þá hefur Reykjavík einnig lagt sérstaka áherslu á að styðja við bókmenntir og tónlist með sérverkefnum Tónlistarborginni Reykjavík og Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO. Þar að auki styður borgin við rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands, tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu og Leikfélags Reykjavíkur.

Fjölbreyttir viðburðir og hátíðir fara fram í borginni á ári hverju. Reykjavíkurborg stendur fyrir ýmsum viðburðum og ber þar helst að nefna hátíðirnar Menningarnótt, Vetrarhátíð, 17. júní og Barnamenningarhátíð. Þar að auki styður borgin 15 aðrar hátíðir og tónleikaraðir með samstarfssamningum til tveggja eða fleiri ára. Reykjavíkurborg er með fjölda annarra samstarfssamninga við hin ýmsu menningarfélög, listrými og listahópa. Árlega eru veittir styrkir til sjálfstæðra listamanna og -hópa.

Menningarstefna Reykjavíkurborgar

Menning og listir hafa fjölmarga snertifleti við ólíka geira samfélagsins. Það eru því hin ýmsu svið borgarinnar sem koma að verkefnum á sviði lista og menningar, en lang flest eru verkefni þó á sviði menningar- og ferðamála. Þau verkefni má finna í aðgerðaáætlun menningarstefnunnar. Önnur málefni er viðkoma listum og menningu en falla undir önnur svið borgarinnar má finna í stefnum viðkomandi sviða.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru höfð að leiðarljósi við gerð menningarstefnunnar og eru allar aðgerðir í aðgerðaáætlun skilgreindar út frá þeim.

Menningarstefnan er æðsta stefna borgarinnar í menningarmálum. Málefni sem heyra undir Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Tónlistarborgina Reykjavík og menningarstofnanir borgarinnar eru ekki í aðgerðaáætlun menningarstefnu. Þau má finna í stefnum og starfsáætlunum viðkomandi eininga. Þær stefnur eru þó undirstefnur menningarstefnunnar og taka mið af megináherslum hennar.

Hugtakanotkun

Í menningarstefnu Reykjavíkurborgar eru hugtökin **menning** og **listir** notuð í víðu samhengi og vísa til þeirra málefnasviða sem tilheyra menningarhluta menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar. Undir sviðið falla málefni menningararfs, listgreina, hönnunar og arkitektúrs sem og viðburða. Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkurborgar er í mótun og í henni verður fjallað um **skapandi greinar** og þær skilgreindar.

Hugtakið **aðgengi** er vel þekkt, en rétt er að taka fram að hér er átt við aðgengi í víðu samhengi, þ.e. ekki einungis sem aðgengi að mannvirkjum og samgöngum, heldur einnig aðgengi að upplýsingum og samskiptum. Hugtakið **inngilding** er hins vegar nýrra hugtak, en það er íslensk þýðing á enska orðinu *inclusion*. Inngilding felur í sér að fólki sem annars gæti verið útilokað eða jaðarsett frá tækifærum eða úrræðum sé tryggður aðgangur.

Framtíðarsýn

Menningarstefna Reykjavíkurborgar hefur það að markmiði að árið 2030 hafi allir íbúar jöfn tækifæri til þess að njóta lista og menningar, bæði sem þátttakendur í listsköpun og sem neytendur lista. Lista- og menningarlíf borgarinnar skal ekki vera einsleitt heldur endurspegla hið fjölbreytta mannlíf borgarinnar. Reykjavíkurborg stefnir á að í borginni verði framúrskarandi aðstæður til listsköpunar og að Reykjavík verði borg sem listamenn sækjast eftir að búa og starfa í. Reykjavík skal verða þekkt menningarborg um heim allan og ferðamenn komi hingað gagngert til þess að upplifa reykvíska list og menningu.

Öll hverfi borgarinnar skulu vera suðupottur lista og menningar sem endurspegla sérstöðu hvers borgarhluta. Allir íbúar borgarinnar skulu hafa jöfn tækifæri til þess að taka þátt í og njóta menningar og lista í sínu nærumhverfi.

Innleiðing stefnu

Kostnaðarmat, ábyrgð og árangursmælikvarðar

Til að tryggja að markmið stefnunnar nái fram að ganga, verður samhliða lögð fram aðgerðaáætlun til þriggja ára með kostnaðarmati, tímasetningum, mælikvörðum um árangur og ábyrgðaraðilum.

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð ber ábyrgð á að leggja fram sýn og gera tillögu um gerð, fjármögnun og framkvæmd aðgerða, þeim verkefnum sem þeim fylgja og endanlegu mati á árangri. Borgarráð ákveður endanlegan fjárhagsramma sviðsins.

Við upphaf gerð fjárhagsáætlunar næsta árs skal sviðsstjóri ásamt skrifstofustjóra menningarmála skoða aðgerðaáætlun menningarstefnu, aðlaga aðgerðir og stofna til nýrra eftir því sem við á að höfðu samráði við menningar-, íþrótt- og tómstundaráð.

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð samþykkir menningarstefnu Reykjavíkurborgar sem og aðrar stefnur menningarstofnana og verkefna innan sviðsins. Stefnur stofnana og einstakra verkefna skulu hafa menningarstefnuna til hliðsjónar og forgangsraða aðgerðum með hliðsjón af aðgerðaáætlun hennar.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á því gagnvart Menningar- íþrótt- og tómstundaráði að stefnunni sé fylgt eftir og aðgerðaáætlun hennar. Hann ber ábyrgð á því að til séu verklagsreglur og leiðbeiningar fyrir innleiðingu stefnunnar.

Stjórnendur menningarstofnana borgarinnar og sérverkefna sviðsins bera ábyrgð á því gagnvart sviðsstjóra að innleiða hugmyndafræði stefnunnar í sín verkefni. Starfsfólk fylgir markmiðum eftir með þátttöku í aðgerðum og verkefnum.

Þegar stefnutíminn er hálfnaður, árið 2025, skal endurskoða stefnuna í heild sinni og uppfæra eftir því sem við á. Þjónustukönnun og skorkort Menningar- og ferðamálasviðs er haft til hliðsjónar við endurskoðun á aðgerðaáætlun og nýtt til mælinga á markmiðum. Menningarstefnan gildir til ársins 2030 og skal byrja samráðsferli í september 2028 og leggja fram nýja stefnu til samþykktar í september 2029.

Ef breytingar verða á umsýslu menningarmála Reykjavíkurborgar vegna endurskipulagningar á fagsviðum borgarinnar skal tafarlaust endurskoða menningarstefnuna og aðgerðaáætlunina með tilliti til orðalags og ábyrgðar.

Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum

1. Reykjavíkurborg mun gera öllum íbúum borgarinnar kleift að njóta lista og menningar á öllum æviskeiðum

- 1.1. Menningarlíf borgarinnar á að standa öllum opið þannig að hver og einn skynji hlutdeild sína í menningarlífinu, hafi jafnt aðgengi og geti tekið þátt í því á eigin forsendum. Lögð verður rækt við að allir einstaklingar vaxi, dafni og uni sér saman.
- 1.2. Reykjavíkurborg mun leggja sérstaka áherslu á barnamenningu og á að öll börn í Reykjavík taki þátt í og hafi aðgang að menningu og listum.
- 1.3. Hlutverk Borgarbókasafnsins er að deila sögum, þekkingu og menningu. Safnið mun efla læsi í sinni víðustu mynd, efla lýðræðislega þátttöku og samfélagslega nýsköpun. Borgarbókasafnið er vettvangur til að upplifa menningu og skapa við hana ævilöng tengsl.
- 1.4. Borgarsögusafn safnar, skráir og varðveitir menningarminjar. Safnið leggur áherslu á að vera í sterkum tengslum við samfélagið og hvetur gesti til þátttöku. Borgarsögusafn miðlar fjölbreyttri sögu borgarinnar á forvitnilegan hátt, vekur fólk til umhugsunar og er skapandi og skemmtilegur staður til að heimsækja.

Aðrar stefnur sem vísað er í: Frístundastefna, Menntastefna, Stefna Borgarbókasafns, Stefna Borgarsögusafns

2. Menningarlíf Reykjavíkur mun endurspeglja fjölbreytileika mannlífsins

- 2.1. Reykjavíkurborg mun eiga í virku samtali við íbúa um listir og menningu. Sérstaklega verður litið til þess að ná til fólks með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem og til viðkvæmra og jaðarsettra hópa.
- 2.2. Söfn og menningarmiðstöðvar munu leggja áherslu á fjölbreytileika og skulu gegna fjölþættu hlutverki sínu á metnaðarfullan hátt. Þau munu vera mikilvægur hluti af daglegu lífi íbúa og veigamikill þáttur í upplifun þeirra gesta sem sækja borgina heim.
- 2.3. Áhersla verður lögð á að styðja við sjálfstæð menningarverkefni sem stuðla að fjölbreytni og inngildingu viðkvæmra og jaðarsettra hópa.

Aðrar stefnur sem vísað er í: Græna planið

3. Menning og listir í Reykjavíkurborg verða inngildandi og aðgengilegar öllum

- 3.1. Öllum íbúum Reykjavíkurborgar mun standa til boða að taka þátt í menningu og listum. Áhersla verður lögð á inngildinguna allra í samfélaginu, bæði sem þátttakendur í listsköpun og sem neytendur listar.
- 3.2. Upplýsingar um tækifæri og stuðning í menningu og listum skulu vera aðgengilegar öllum. Viðburðir og annað framboð í menningar- og listalífi borgarinnar verður sýnilegt á miðlum sem ná til fjölbreytts hóps.
- 3.3. Menningarstefna Reykjavíkur tekur mið af Mannréttindastefnu Reykjavíkur hvað varðar inngildinguna og aðgengi allra borgarbúa.

„Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgæðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.“

– Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar

Aðrar stefnur sem vísað er í: Mannréttindastefna

Reykjavík - borg sem listamönnum þykir gott að búa og starfa í

4. Listin listarinnar vegna

- 4.1. Í Reykjavík eiga listamenn að hafa frelsi til listrænnar tjáningar. Listin er ekki bara bundin við gallerí og söfn heldur er hún alls staðar sýnileg. List vekur ýmis hughrif, hneykslar jafnvel. Hún gleður og hristir upp í fólki.
- 4.2. Listin er ekki miðstýrð og hefur gildi í sjálfri sér. Reykjavíkurborg mun skapa svigrúm fyrir óvænta þróun og kraftmikinn vöxt í listum í borginni.

5. Listir eru mikilvæg atvinnugrein í Reykjavíkurborg

- 5.1. Menningarstofnanir borgarinnar munu leggja áherslu á að listamenn fái sanngjörn laun fyrir vinnu sína.
- 5.2. Reykjavíkurborg mun leita lausna á varðveislu menningarverðmæta menningarstofnana borgarinnar til framtíðar.
- 5.3. Reykjavíkurborg mun styðja við faglegt umhverfi lista með því að styrkja aðstöðu listamanna og skapandi framleiðenda. Stutt verður við listarými og aðra hornsteina listarinnar.
- 5.4. Reykjavíkurborg mun auðvelda og auka aðgengi listrænnar starfssemi að ónýttu húsnæði víða í borginni, bæði í einkaeigu sem og húsnæðis sem borgin hefur til umráða.
- 5.5. Styrkir Reykjavíkurborgar til lista munu stuðla að eflingu listgreinanna á þeirra eigin forsendum. Sérstök áhersla verður lögð á að auðvelda aðgengi ungra listamanna, og listamanna sem tilheyra jaðarhópum, að styrkjum.
- 5.6. Reykjavíkurborg mun leggja áherslu á áframhaldandi þróun og stuðning við sjálfbæra klasa þar sem hvatt er til samnýtingar og skapandi fólk sækir stuðning hvert til annars. Reykjavíkurborg mun styðja við listir og skapandi greinar með áherslu á þróun skapandi þorps í Gufunesi.
- 5.7. Lista- og menningarstarfsemi í Reykjavíkurborg verður eflað með auknu samstarfi menningarstofnana, aðila sem starfa innan menningar og annarra viðeigandi samstarfsaðila.

- 5.8. Listasafn Reykjavíkur er lifandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að kynna fjölbreytileika myndlistar í nútíð og fortíð. Öflug miðlun, fræðsla og góð þjónusta vekur áhuga á sköpunarverkum listamanna.

Aðrar stefnur sem vísað er í: Atvinnu- og nýsköpunarstefa, Græna planið, Stefna Listasafns Reykjavíkur

6. Reykjavíkurborg sem alþjóðleg borg lista

- 6.1. Reykjavíkurborg er borg lista og mun laða að sér listamenn frá öllum heimshornum.
- 6.2. Reykjavíkurborg mun styðja við og styrkja tengslanet borgarinnar við hið alþjóðlega listumhverfi. Áhersla verður lögð á að efla samstarf innanlands og á alþjóðavettvangi.
- 6.3. Reykjavík er Bókmenntaborg UNESCO og mun áfram leggja rækt við orðlistalíf í víðum skilningi, jafnt innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi
- 6.4. Tónlistarborgin Reykjavík mun halda áfram að leggja rækt við að Reykjavík verði þekkt sem leiðandi tónlistarborg á heimsvísu og að ímynd íslenskrar tónlistar verði samofin ímynd Reykjavíkur sem menningarborgar og áhugaverðs áfangastaðar.

Aðrar stefnur sem vísað er í: Stefna Bókmenntaborgar UNESCO, Stefna Tónlistarborgarinnar Reykjavík

Menning og listir í öllum hverfum borgarinnar

7. Menning og listir auka lífsgæði borgarbúa og eru lykilþættir borgarpróunar

- 7.1. Listir og menning verða sýnileg og aðgengileg í öllum hverfum Reykjavíkur.
- 7.2. Hlúð verður að menningarverðmætum og sögu hvers borgarluta með mannvænt umhverfi að leiðarljósi.
- 7.3. Listir og menning verða lykilöfl í uppbyggingu hverfa Reykjavíkurborgar.

8. Reykjavíkurborg styður við staðbundna hverfamenningu sem íbúar hafa frumkvæði að

- 8.1. Starf menningarstofnana í hverjum borgarluta mun taka mið af þörfum nærsamfélagsins.
- 8.2. Hlúð verður að uppbyggingu og dreifingu menningar og lista í hverfum borgarinnar. Reykjavíkurborg mun stuðla að skapandi hugsun með því að skapa rými fyrir hið óvænta og ótamda í þéttbýli.
- 8.3. Aðstaða bókasafna og frístundamiðstöðva borgarinnar verða betur kynnt sem viðburðarými sem standa íbúum til boða.

Aðrar stefnur sem vísað er í: Frístundastefna, Græna planið, Stefna Borgarbókasafns

9. Menning og listir eru mikilvægur hluti af grænum áherslum borgarinnar

- 9.1. Við uppbyggingu grænna svæða, almenningsgarða og útivistarsvæða verður ávallt gert ráð fyrir rými fyrir menningu og listir. Auðvelt aðgengi að aðstöðu og upplýsingum um hvernig má nýta hana verður tryggt.
- 9.2. Menningarstofnanir og viðburðir Reykjavíkur munu setja sér umhverfismarkmið og vinna að vistvænum lausnum í rekstri.
- 9.3. Reykjavíkurborg mun fræða þá sem fá styrki fyrir list- og menningarstarfsemi um hvernig má draga úr vistfræðilegu fótspori sínu og hvetja þá til að tryggja sjálfbærni í rekstri.

Aðrar stefnur sem vísað er í: Græna planið

Þátttakendur í samráði

Achola Otieno
Aðalbjörg Árnadóttir
Aðalheiður Santos Sveinsdóttir
Aldís Snorradóttir
Alexandra Briem
Anaïs Barthe
Anna Wojtyńska
Auður Jörundsdóttir
Ása Hauksdóttir
Ásgeir Helgi Magnússon
Ásgerður G. Gunnarsdóttir
Ásmundur Jónsson
Ástrós Guðjónsdóttir
Birta Guðjónsdóttir
Bjarnís Helga Tómasdóttir
Björg Jónsdóttir
Brynhildur Guðjónsdóttir
Cheryl Kara
Cristina Agueda
Diljá Ámundadóttir Zoega
Dögg Sigmarsdóttir
Dorothee Kirch
Edda Ívarsdóttir
Egle Sipaviciute
Eir Ólafsdóttir
Ellen J. Calmon
Erling Jóhannesson
Eva Rún Snorradóttir
Fjóla Guðmundsdóttir
Friðrik Friðriksson
Gíslína Petra Þórarinsdóttir
Gréta Arnarsdóttir
Greta Clough
Grímur Smári Hallgrímsson
Guðbrandur Benediktsson
Guðmundur Birgir Halldórsson
Guðný Guðmundsdóttir
Guðrún Dís Jónatansdóttir
Guja Dögg Hauksdóttir
Guja Sandholt
Halla Helgadóttir
Halla Þórlaug Óskarsdóttir
Hallveig Rúnarsdóttir
Harpa Rut Hilmarsdóttir
Helga Björg Kjerúlf
Hildigunnur Sverrisdóttir
Hjálmar Sveinsson
Hrafn Jónsson
Hrafnhildur Gunnarsdóttir
Hrönn Marinósdóttir
Hrönn Sveinsdóttir
Ingibjörg Sigurjónsdóttir
Ísak Óli Borgarsson
Ísis Helga Pollock
J.B.K. Ransu

Jelena Čirić
Jóhannes Hrefnuson Karlsson
Jón Amar Einarsson
Jón Ómar Árnason
Júlíana Rún Indriðadóttir
Karen Ýr Sigurbjörnsdóttir
Karl Kvaran
Kolbeinn Magnússon
Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir
Kolbrún Halldórsdóttir
Kristín Jóhannesdóttir
Kristín Valsdóttir
Kristín Viðarsdóttir
Lára Sóley Jóhannesdóttir
Lee Proud
Linde Rongen
Logi Bjarnason
Lukas Bury
Magnús Þór Þorbergsson
Margrét Erla Maack
Margrét Norðdahl
María Karen Sigurðardóttir
María Rut Reynisdóttir
Markús H. Guðmundsson
Markús Þór Andrésson
Martyra Karolina Daniel
Mazen Maarouf
Melkorka Ólafsdóttir
Nanna Gunnars
Orri Huginn Ágústsson
Ólafur Ásgeirsson
Ólafur Daði Eggertsson
Ólína Ákadóttir
Ólöf Arnalds
Ólöf K. Sigurðardóttir
Óskar Dýrmundur Ólafsson
Pawel Bartoszek
Pálína Jónsdóttir
Pálína Magnúsdóttir
Ragnheiður Elísabet Þuríðardóttir
Ragnheiður Maisól Sturludóttir
Ragnhildur Alda Vilhjámsdóttir
Ragnhildur Holm
Rebecca Scott Lord
Róbert Aron Magnússon
Rúrí
Sabina Westerholm
Sabine Leskopf
Selma Hreggviðsdóttir
Sigrún Inga Hrólfsdóttir
Sigrún Kristjánsdóttir
Sigurður Flosason
Sigurður Halldórsson
Sólveig Pálsdóttir
Stefán Eiríksson

Steinar Svan Birgisson
Stella Soffía Jóhannesdóttir
Sunna Ástþórsdóttir
Sunneva Hafsteinsdóttir
Svava Þorsteinsdóttir
Tinna Grétarsdóttir
Tinna Þorsteinsdóttir
Vala Þórsdóttir
Valgerður Rúnarsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir
Vigdís Jakobsdóttir
Wiola Ujazdowska
Þorgeir Sigurðsson
Þórey Einarisdóttir
Þorleifur Hauksson
Þröstur Helgason
Örn Þórðarson